

## Fjármál hins opinbera 2007, bráðabirgðauppgjör

General government finances 2007, preliminary accounts

### Samantekt

Tekjuafkoma hins opinbera var jákvæð um tæplega 67 milljarða króna árið 2007, eða 5,2% af landsframleiðslu og 10,8% af tekjum. Til samanburðar var tekjuafkoman jákvæð um 6,3% af landsframleiðslu 2006 og 4,9% árið 2005. Þessi hagstæða tekjuafkoma stafar fyrst og fremst af miklum tekjuafgangi ríkissjóðs, sem nam 4,2% af landsframleiðslu árið 2007 og 5,3% árið 2006. Fjárhagur sveitarfélaganna hefur einnig snúist til betri vegar síðustu þrjú árin, enda þótt hann sé afar misjafn. Árið 2007 nam tekjuafgangur þeirra um 6 milljörðum króna, eða 0,5% af landsframleiðslu, og árið 2006 um 4 milljörðum króna, eða 0,3% af landsframleiðslu.

Tekjur hins opinbera mældust 617,5 milljarðar króna 2007 og hækkuðu um tæpa 57 milljarða króna milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu þær 48,3% og hafa ekki verið hærri áður, en samsvarandi hlutfall var 48,0% árið 2006. Mikil hækkun hefur orðið í tekjum hins opinbera frá árinu 2002 er þær mældust 41,7% af landsframleiðslu. Útgjöld hins opinbera námu 551 milljarði króna árið 2007 og hækkuðu um riflega 63 milljarða króna milli ára, eða úr 41,7% af landsframleiðslu árið 2006 í 43,1% árið 2007.

Heildarútgjöld til heilbrigðismála voru 117,3 milljarðar króna 2007, eða 9,2% af landsframleiðslu. Þar af var hlutur hins opinbera 96,8 milljarðar króna en hlutur heimila 20,5 milljarðar, eða 17,5% af útgjöldunum. Af heildarútgjöldum hins opinbera 2007 runnu 19% til heilbrigðismála. Til fræðslumála var ráðstafað 106,5 milljörðum króna á árinu 2007, eða 8,3% af landsframleiðslu. Þar af var fjármögnum hins opinbera 97,8 milljarðar króna og hlutur heimilanna 8,7 milljarðar króna, eða 8,2%. Um fimm tungur útgjalda hins opinbera rennur til fræðslumála.

Hrein peningaleg eign hins opinbera, þ.e. peningaleg eign umfram skuldir, var neikvæð um 92,6 milljarða króna í árslok 2006, eða um 7,9% af landsframleiðslu. Heildar peningaleg eign hins opinbera nam um 579 milljörðum króna 2006 og heildarskuldir 671 milljarði króna.

Tekjuafkoma hins opinbera og fyrirtækja þess var jákvæð um 0,8% af landsframleiðslu 2006, en tekjuafkoma opinberra fyrirtækja hins vegar neikvæð um 5,5%, sem skýrist m.a. af mikilli fjárfestingu sem nam um 7% af landsframleiðslu. Lökust var tekjuafkoma opinberra aðila 2003 eða 5,2% af landsframleiðslu.

### Inngangur

Fjármál hins opinbera eru í  
brennidipli í þessu hefti

Í þessu riti verður fyrst og fremst lögð áhersla á hið opinbera en samsvarandi upplýsingar um undirgeira þess má sjá á vefsíðu Hagstofunnar. Verður vikið að afkomuþróun hins opinbera, en einnig verður gerð grein fyrir þróun tekna og gjalda



frá mismunandi sjónarhornum. Þá verður í stuttu máli fjallað um heilbrigðis- og menntamál og þeim gerð skil í talnaefni og myndum. Að lokum verður stuttlega vikið að hinum opinbera geira í víðri merkingu, þ.e. hinu opinbera og fyrirtækjum þess (e. *public sector*). En fyrst verður vikið að umfangi hins opinbera í þjóðarbúskapnum. Í töfluviðauka má sjá enska útgáfu af töflum þessa rits.


## Umfang hins opinbera

*Hið opinbera takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarsjóði og almannatryggingar*

Hefðbundin skilgreining á hinu opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum afmarkar það við þá starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með tekjum af sölu á vöru og þjónustu á almennum markaði. Hér er því um tiltölulega þróna skilgreiningu að ræða sem takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarsjóði og almannatryggingar. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vöru og þjónustu, er ekki talin til hins opinbera geira samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins.

**Mynd 1. Innbyrðis skipting á umfangi undirgeira hins opinbera 2007**

*Figure 1. Relative size of governments in terms of revenue and expenditure 2007*




Árið 2007 runnu 74,1% tekna hins opinbera til ríkissjóðs og 25,7% til sveitarfélaga eins og sjá má á mynd 1. Rúmlega 25% tekna ríkissjóðs renna síðan áfram til almannatrygginga og sveitarfélaga sem fjárfamlög. Á árinu 2007 námu fjárfamlög til almannatrygginga 98,7 milljörðum króna og til sveitarfélaga 15,8 milljörðum króna. Af útgjöldum hins opinbera er hlutur almannatrygginga 16,8% eða 92,5 milljarðar króna, sveitarfélaga 30,4% eða 167,7 milljarðar króna, og ríkissjóðs 52,8% eða 290,7 milljarðar króna.

## Afkoma hins opinbera

*Tekjuafgangur hins opinbera  
nær 5,2% af landsframleiðslu  
2007*

Samkvæmt bráðabirgðatölum var tekjuafkoma hins opinbera jákvæð um 66,6 milljarða króna árið 2007, eða sem nemur 5,2% af landsframleiðslu og 10,8% af tekjum hins opinbera. Til samanburðar var tekjuafkoman jákvæð um 6,3% af landsframleiðslu 2006 og 4,9% 2005. Tekjuafkoman hefur sveiflast verulega síðasta áratuginn eins og sjá má á mynd 2 og töflu 1.

**Mynd 2. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu**  
*Figure 2. The general government financial balance as per cent of GDP*



Vegna umfangs ríkissjóðs ræður tekjuafkoma hans auðvitað miklu um þróun af komu hins opinbera í heild. Árið 2007 er áætlaður tekjuafgangur ríkissjóðs 53,2 milljarðar króna, eða 4,2% af landsframleiðslu, samanborið við 62 milljarða króna 2006, eða 5,3% af landsframleiðslu. Veruleg aukning í fjárfestingu ríkissjóðs milli ára skýrir að hluta til lakari tekjuafkomu.

**Tafla 1. Fjármál hins opinbera 1999–2007**

Í milljörðum króna	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007 <sup>1</sup>
Heildartekjur hins opinbera	273,2	297,8	323,5	340,5	360,0	409,5	483,6	560,5	617,5
Heildarútgjöld hins opinbera	265,9	286,3	328,8	361,3	383,8	409,2	433,3	486,6	550,9
Tekjuafkoma hins opinbera	7,2	11,6	-5,3	-20,8	-23,8	0,3	50,2	73,8	66,6
<i>Hlutfall af VLF</i>									
Heildartekjur hins opinbera	43,2	43,6	41,9	41,7	42,8	44,1	47,1	48,0	48,3
Heildarútgjöld hins opinbera	42,0	41,9	42,6	44,2	45,6	44,1	42,2	41,7	43,1
Tekjuafkoma hins opinbera	1,1	1,7	-0,7	-2,5	-2,8	0,0	4,9	6,3	5,2
Tekjuafkoma ríkissjóðs	1,4	1,8	-0,5	-1,3	-1,8	1,0	4,4	5,3	4,2
Tekjuafkoma sveitarfélaga	-0,6	-0,4	-0,6	-1,3	-0,8	-0,8	0,1	0,3	0,5
Tekjuafkoma almannatrygg.	0,3	0,3	0,4	0,0	-0,3	-0,2	0,4	0,7	0,6

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur.

Tekjuafkoma sveitarfélaga í heild hefur verið jákvæð síðustu þrjú árin eftir langt tímabil neikvæðrar afkomu, en fjárhagur einstakra sveitarfélaga er þó afar misjafn. Samkvæmt áætlunum nemur tekjuafgangur ársins 2007 5,9 milljörðum króna, eða 0,5% af landsframleiðslu. Til samanburðar nam tekjuafgangur ársins 2006 3,9 milljörðum króna, eða 0,3% af landsframleiðslu.


### Tekjur hins opinbera

*Tekjur hins opinbera námu 48,3% af landsframleiðslu og hafa ekki mælst hærri*

Tekjur hins opinbera námu 617,5 milljörðum króna árið 2007 og hækkuðu um tæplega 57 milljarða króna milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 48,3% og hefur það hlutfall ekki verið hærra, en það var 48,0% árið 2006. Mikil hækjun hefur orðið í tekjum hins opinbera mælt á þennan veg frá árinu 2002 þegar

tekjurnar námu 41,7% af landsframleiðslu. Þessi aukning kemur fram bæði hjá ríkissjóði og sveitarfélögum.

**Mynd 3. Tekjur og útgjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu**  
*Figure 3. The general government revenues and expenditures as per cent of GDP*



**Tafla 2. Heildartekjur hins opinbera og undirgeira þess 1999–2007**

Í milljörðum króna	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007 <sup>1</sup>
<i>Hið opinbera</i>									
Ríkissjóður	208,5	225,6	241,1	252,8	268,0	306,9	363,6	412,8	458,5
Sveitarfélög	71,0	78,8	91,0	96,1	101,9	112,8	130,7	161,2	174,3
Almannatryggingar	43,7	48,8	53,4	59,9	67,3	74,0	81,2	90,8	100,0
<i>Hlutfall af VLF</i>									
Hið opinbera	43,2	43,6	41,9	41,7	42,8	44,1	47,1	48,0	48,3
Ríkissjóður	33,0	33,0	31,2	31,0	31,9	33,0	35,4	35,4	35,8
Sveitarfélög	11,2	11,5	11,8	11,8	12,1	12,1	12,7	13,8	13,6
Almannatryggingar	6,9	7,1	6,9	7,3	8,0	8,0	7,9	7,8	7,8

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur.

*Skatttekjur- og tryggingagjöld skila hinu opinbera 528 milljörðum króna 2007 eða 41,3% af landsframleiðslu*

Ef megintekjustofnar hins opinbera eru skoðaðir, þ.e. skatttekjur, tryggingagjöld, fjárfamlög og aðrar tekjur, sést að skatttekjur og tryggingagjöld skila hinu opinbera rúmlega 528 milljörðum króna árið 2007, eða 85,5% tekna þess, og nemur hækunin milli ára riflega 44 milljörðum króna. Sem hlutfall af landsframleiðslu hafa þeir tekjustofnar aukist umtalsvert síðustu árin, en árið 2007 mælast þeir 41,3% af landsframleiðslu, árið 2006 41,4% og á árinu 1998 34,4%. Aðrar tekjur, eins og eignatekjur og sala á vöru og þjónustu, hafa skilað hinu opinbera tekjum á bilinu 6–7% af landsframleiðslu undanfarin ár, en þær tekjur mælast um 6,9% af landsframleiðslu 2007, eða 87,9 milljarðar króna.

Við nánari skoðun á skatttekjum og tryggingagjöldum (sjá töflu 4) sést að tekju-skattar skila hinu opinbera 242,8 milljörðum króna árið 2007 eða 46% teknanna, sem svarar til 19,0% af landsframleiðslu. Skattar á vöru og þjónustu skiliðu 207 milljörðum króna, eða riflega 39% þessara tekna, eða 16,2% af landsframleiðslu. Þar af gaf virðisaukaskatturinn um 137 milljarða króna, eða 10,7% af landsframleiðslu.

**Tafla 3. Megintekjustofnar hins opinbera 1999–2007**

Í milljörðum króna	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007 <sup>1</sup>
Heildartekjur	273,2	297,8	323,5	340,5	360,0	409,5	483,6	560,5	617,5
Skatttekjur	215,0	234,1	250,7	264,3	282,4	323,3	383,7	445,4	487,7
Tryggingagjöld	17,8	19,7	21,9	23,4	26,1	28,4	32,8	38,4	40,5
Fjárframlög	0,5	0,7	0,9	0,7	1,0	1,3	1,2	1,4	1,5
Aðrar tekjur	39,8	43,4	50,0	52,1	50,5	56,6	65,9	75,2	87,9
<i>Hlutfall af VLF</i>									
Heildartekjur	43,19	43,56	41,91	41,70	42,78	44,09	47,12	48,00	48,27
Skatttekjur	34,00	34,24	32,48	32,36	33,56	34,81	37,39	38,15	38,12
Tryggingagjöld	2,81	2,88	2,84	2,87	3,10	3,05	3,19	3,29	3,17
Fjárframlög	0,08	0,10	0,12	0,09	0,12	0,14	0,11	0,12	0,11
Aðrar tekjur	6,30	6,34	6,48	6,38	6,01	6,09	6,42	6,44	6,87

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur.

Eignaskattar skiluðu hinu opinbera rúmlega 29 milljörðum króna árið 2007, eða 2,3% af landsframleiðslu. Fasteignaskattar vega þar þyngst, en áætlað er að þeir hafi skilað hinu opinbera 19,1 milljarði króna það ár samanborið við 16,9 milljarða árið 2006.

**Tafla 4. Skatttekjur og tryggingagjöld hins opinbera 1999–2007**

Í milljörðum króna	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007 <sup>1</sup>
Skatttekjur og tryggingagjöld	36,8	37,1	35,3	35,2	36,7	37,9	40,6	41,4	41,3
Skattar á tekjur og hagnað	14,2	14,8	15,3	15,3	16,0	16,1	17,6	18,3	19,0
Skattar á launagreiðslur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,1	0,1	0,0	0,0	0,1
Eignaskattar	2,6	2,8	2,7	2,5	2,2	2,4	2,6	2,1	2,3
Skattar á vöru og þjónustu	16,6	16,0	13,9	14,1	14,8	15,7	16,7	17,2	16,2
Skattar á alþjóðaviðskipti	0,4	0,4	0,4	0,3	0,3	0,3	0,3	0,4	0,5
Aðrir skattar	0,2	0,1	0,1	0,2	0,2	0,2	0,2	0,1	0,1
Tryggingagjöld	2,8	2,9	2,8	2,9	3,1	3,1	3,2	3,3	3,2

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur.

Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti, einkum tollar, skiluðu hinu opinbera 5,7 milljörðum króna á árinu 2007, eða 0,5% af landsframleiðslu. Aðrar tekjur, þ.e. rekstrartekjur hins opinbera, voru 87,9 milljarðar króna á árinu 2007 og hækkuðu um 12,6 milljarða króna milli ára. Eignatekjur voru 43 milljarðar króna og sala á vöru og þjónustu riflega 40 milljarðar króna.

**Tafla 5. Tekjuskattar hins opinbera 1998–2006**

Í milljörðum króna	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Tekjuskattar alls	76,6	89,8	101,5	118,3	124,8	134,6	149,7	180,2	213,6
Tekjuskattar einstaklinga	68,0	78,0	88,5	104,8	111,4	117,0	128,8	145,4	163,3
Tekjuskattur lögaðila	6,2	8,0	8,4	8,0	7,2	10,4	9,6	20,3	28,1
Fjármagnstekjuskattur	2,4	3,9	4,6	5,5	6,2	7,1	11,4	14,5	22,3
<i>Hlutfall af VLF</i>									
Tekjuskattar alls	13,02	14,20	14,84	15,33	15,28	15,99	16,13	17,56	18,30
Tekjuskattar einstaklinga	11,56	12,33	12,94	13,58	13,64	13,90	13,87	14,17	13,98
Tekjuskattur lögaðila	1,06	1,26	1,22	1,04	0,89	1,24	1,03	1,98	2,41
Fjármagnstekjuskattur	0,41	0,61	0,68	0,71	0,76	0,85	1,22	1,41	1,91

## Útgjöld hins opinbera

*Útgjöld hins opinbera hækkuðu úr 41,7% af landsframleiðslu árið 2006 í 43,1% árið 2007*

Útgjöld hins opinbera mældust um 551 milljarður króna árið 2007 og hækkuðu því um riflega 63 milljarða króna milli ára, eða úr 41,7% af landsframleiðslu 2006 í 43,1% 2007. Aukningin skýrist fyrst og fremst af auknum útgjöldum ríkissjóðs en þau jukust um riflega 53 milljarða króna samkvæmt bráðabirgðatölum og mældust 31,7% af landsframleiðslu 2007. Í þeiri aukningu vegur þungt vöxtur í fjárfestingu, launaútgjöldum og fjárframlögum. Áætlað er að útgjöld sveitarfélaga aukist um 11 milljarða króna milli ára og vega launaútgjöld þar þyngst, en áætlað er að fjárfesting sveitarfélaga dragist saman milli ára.

**Tafla 6. Útgjöld hins opinbera og undirgeira þess 1999–2007**


Í milljörðum króna	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007 <sup>1</sup>
Hið opinbera	265,9	286,3	328,8	361,3	383,8	409,2	433,3	486,6	550,9
Ríkissjóður	199,6	213,5	244,7	263,1	283,3	297,6	318,0	350,9	405,2
Sveitarfélög	74,8	81,7	95,8	106,8	108,3	119,9	129,7	157,4	168,3
Almannatryggingar	41,7	46,4	50,3	59,8	69,4	75,9	77,6	82,7	92,6
<i>Hlutfall af VLF</i>									
Hið opinbera	42,0	41,9	42,6	44,2	45,6	44,1	42,2	41,7	43,1
Ríkissjóður	31,6	31,2	31,7	32,2	33,7	32,0	31,0	30,0	31,7
Sveitarfélög	11,8	12,0	12,4	13,1	12,9	12,9	12,6	13,5	13,2
Almannatryggingar	6,6	6,8	6,5	7,3	8,2	8,2	7,6	7,1	7,2

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur.

Ef hagræn útgjöld hins opinbera eru skoðuð sést að samneysluútgjöldin, þ.e. launaútgjöld og kaup á vöru og þjónustu að frádrégninni sölu á vöru og þjónustu, námu 314,4 milljörðum króna árið 2007, eða sem svarar 24,5% af landsframleiðslu. Þau hækkuðu um 29 milljarða króna milli ára og sem hlutfall af landsframleiðslu um tæp 0,2%. Launaútgjöldin námu 198,2 milljörðum króna, kaup á vöru og þjónustu 133,4 milljörðum króna og afskriftir 22,8 milljörðum króna. Til frádráttar er sala á vöru og þjónustu að fjárhæð 40 milljarðar króna.

**Mynd 4. Samneysla og fjárfesting hins opinbera sem hlutfall af VLF**

*Figure 4. General government final consumption and investment as per cent of GDP*



Fjárfestingarútgjöld hins opinbera jukust nokkuð árið 2007, eins og sést á mynd 4, en þau námu 54,7 milljörðum króna og jukust um 9 milljarða króna milli ára og mældust sem hlutfall af landsframleiðslu 4,3%. Mest er aukningin í fjárfestingu ríkissjóðs, en hún jókst um 11,7 milljarða króna og nam rúmlega 27 milljörðum króna árið 2007 samkvæmt bráðabirgðatölum. Fjárfesting sveitarfélaga dróst hins vegar saman milli ára eins og áður segir.

Tilfærsluuútgjöld hins opinbera, þ.e. framleiðslustyrkir, fjárframlög, félagslegar tilfærslur til heimila og aðrar tilfærslur, námu 135,5 milljörðum króna árið 2007, eða 10,6% af landsframleiðslu. Hækkuðu þau um 22 milljarða króna milli ára, eða 0,9% í hlutfalli við landsframleiðslu. Félagslegar tilfærslur til heimilanna, sem numu 75,8 milljörðum króna árið 2007, hækkuðu um rúmlega 9 milljarða króna milli ára, eða um 0,2% af landsframleiðslu.

**Tafla 7. Hagræn flokkun útgjalda hins opinbera 1999–2007**

HLUTFALL AF VLF	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007 <sup>1</sup>
Heildarútgjöld	42,0	41,9	42,6	44,2	45,6	44,1	42,2	41,7	43,1
Laun	14,5	14,6	14,7	15,7	16,3	15,7	15,6	15,3	15,5
Kaup á vörum og þjónustu	9,9	10,3	10,3	11,2	11,3	11,1	10,7	10,6	10,4
Vaxtagjöld	3,4	3,4	3,4	3,0	2,7	2,4	2,2	2,2	2,3
Framleiðslustyrkir	1,8	1,8	1,8	1,8	1,9	1,8	2,0	1,7	1,6
Félagslegar tilfærslur til heimila	5,6	5,6	5,6	6,3	7,1	6,8	6,2	5,7	5,9
Önnur tilfærsluuútgjöld	2,1	2,1	2,3	2,3	2,5	2,2	2,3	2,1	2,8
Fjárfesting	4,7	4,1	4,5	3,9	3,6	3,9	3,1	3,9	4,3

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur.

*Velferðar-, fræðslu- og heilbrigðismál eru viðamestu málaflokkar hins opinbera og taka til sín 24,5% af landsframleiðslu*

Útgjöldum hins opinbera má einnig skipta í málaflokka eins og stjórnsýslu, löggæslu, atvinnumál, heilbrigðismál, fræðslumál, almannatryggingar, velferðarmál o.s.frv. Í töflu 8 eru meginmálaflokkar opinberra útgjalda á árunum 1998–2006 sýndir sem hlutfall af landsframleiðslu. Ekki er unnt að sýna þessa ýtarlegu flokkun (COFOG-flokkun) fyrir árið 2007 því að sundurliðað uppgjör ríkissjóðs og sveitarfélaga liggja ekki fyrir nú. Útgjöld til heilbrigðis- og menntamála eru þó metin út frá þeim bráðabirgðatölum sem liggja fyrir.


**Tafla 8. Meginmálaflokkar hins opinbera 1998–2006**

HLUTFALL AF VLF	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Æðsta stjórnsýsla	6,59	6,36	6,07	6,51	6,05	5,90	5,31	5,09	4,83
Varnarmál	0,02	0,01	0,02	0,03	0,03	0,04	0,04	0,04	0,07
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	1,46	1,51	1,52	1,48	1,45	1,52	1,47	1,44	1,45
Efnahags- og atvinnumál	6,69	6,66	6,75	6,97	6,43	6,60	6,33	5,76	5,91
Umhverfismál	0,71	0,75	0,73	0,70	0,71	0,72	0,72	0,68	0,65
Húsnaðis-, skipulags- og veitumál	0,34	0,40	0,36	0,39	0,69	0,42	0,42	0,39	0,65
Heilbrigðismál	7,52	8,28	8,01	7,91	8,66	8,86	8,45	8,08	7,92
Menningar-, íþrótt- og trúumál	2,87	3,01	3,21	3,00	3,26	3,57	3,66	3,35	3,58
Fræðslumál	7,37	7,46	7,50	7,74	8,29	8,26	8,20	8,34	8,31
Almannatryggingar og velferðarmál	7,72	7,62	7,69	7,87	8,67	9,73	9,46	9,06	8,30
Heildarútgjöld (verg)	41,30	42,05	41,87	42,60	44,25	45,61	44,06	42,23	41,67

Hrein opinber útgjöld til fræðslumála námu 97,8 milljörðum króna árið 2007 og hækkuðu um 9,6 milljarða króna milli ára, en sem hlutfall af landsframleiðslu voru þau um 7,7% og hækkuðu um 0,1% af landsframleiðslu milli ára. Heilbrigðis-

útgjöld hins opinbera voru aðeins lægri eða 96,8 milljarðar króna og hækkuðu um 9,4 milljarða króna frá 2006. Fjallað er sérstaklega um þróun útgjalda til heilbrigðis- og fræðslumála í köflunum hér á eftir.<sup>1</sup>

**Mynd 5. Útgjöld til helstu málaflokka hins opinbera sem hlutfall af VLF**  
*Figure 5. Expenditure on main functions of general government as per cent of GDP*



## Heilbrigðismál

*Heilbrigðisútgjöld hins opinbera nema um 7,6% af landsframleiðslu 2007*

Hrein útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála voru 96,8 milljarðar króna 2007, eða 7,6% af landsframleiðslu, og jukust um 9,4 milljarða króna milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu hækkuðu þau um 0,1 prósentustig, en frá 2003 hafði það hlutfall farið lakkandi.<sup>2</sup> Langstærsti hluti heilbrigðisútgjalda hins opinbera er samneysluútgjöld, þ.e. laun og kaup á vöru og þjónustu, en þau nema um 96,5% útgaldanna. Afgangurinn er fjárfesting og tilfærslur. Af heildarútgjöldum hins opinbera 2006 fara um 19% til heilbrigðismála.

**Tafla 9. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála 1999–2007**

Hlutfall af VLF	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007 <sup>1</sup>
1. Lækningavörur og hjálpartæki	0,86	0,81	0,75	0,81	0,87	0,85	0,74	0,72	0,74
2. Þjónusta við ferlisjúklinga	1,25	1,35	1,36	1,42	1,52	1,51	1,42	1,41	1,43
3. Sjúkrahúsþjónusta	5,54	5,29	5,23	5,79	5,79	5,43	5,25	5,13	5,16
4. Forvarnir og alm. heilbrigðispj.	0,05	0,05	0,04	0,05	0,05	0,05	0,05	0,04	0,06
5. Heilbrigðismál ót.a.s.	0,20	0,20	0,18	0,25	0,25	0,20	0,21	0,18	0,17
Opinber heilbrigðisútgjöld alls <sup>2</sup>	7,91	7,70	7,56	8,31	8,48	8,04	7,68	7,49	7,57

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur.

<sup>2</sup> Kaup heimila á heilbrigðispjónustu hins opinbera hafa verið dregin frá.

Opinberum útgjöldum til heilbrigðismála má skipta niður á viðfangsefni, eins og gert er í töflu 9, en ítarlegri sundurliðun er að finna í töflu 24 í töfluviðauka. Árið 2007 var ráðstafað um 5,2% af landsframleiðslu til sjúkrahúsþjónustu, eða 66 milljörðum króna, og var hækjunin milli ára 6,1 milljarður króna. Þar af var hlutur

<sup>1</sup> Vardandi umfjöllun um aðra málaflokka fyrir árið 2006 og eldri ár er vísað til 57. tölublaðs 92. árgangs Hagtíðinda frá 27. september 2007.

<sup>2</sup> Hafa ber í huga að frá 2003 hefur landsframleiðslan aukist um ríflega 25% að magni.

almennrar sjúkrahúsabjónustu um 72,3% og útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu 26,1%. Sú þjónusta hefur tekið til sín um 1,4% af landsframleiðslu síðustu fimm árin, en árin þar áður hafði hún vaxið hratt. Til heilsugæslu (þjónustu við ferlisjúklinga) runnu um 18,3 milljarðar króna 2007, eða ríflega 1,4% af landsframleiðslu. Aukningin milli ára var 1,8 milljarðar króna. Lyfja- og hjálpartækjakostnaður utan sjúkrahúsa varð ríflega 9,5 milljarðar króna, en það nemur um 9,8% opinberra útgjaldalda til heilbrigðismála, eða 0,74% af landsframleiðslu.

Í töflu 24 í töfluviðauka má meðal annars sjá að útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála voru 311 þúsund krónur á mann 2007 og að síðustu sex árin hafa útgjöld hins opinbera verið svipuð á föstu verði. Kostnaður vegna almennra sjúkrahúsa var 153,4 þúsund krónur á mann 2007, vegna heilsugæslu 58,6 þúsund, vegna hjúkrunar- og endurhæfingar 55,4 þúsund krónur og vegna lyfja og hjálpartækja 30,5 þúsund krónur á mann.

**Tafla 10. Heildarútgjöld til heilbrigðismála 1998–2007**

	Hlutfall heilbrigðisútgjaldalda af landsframleiðslu			Hlutfall heimila af heild	Heilbrigðisútgjöld á föstu verði <sup>1</sup>	Heilbrigðisútgjöld á föstu verði á mann <sup>1</sup>
	Hið opinbera	Heimili	Samtals			
1998	7,2	1,7	8,9	19,6	100,0	100,0
1999	7,9	1,7	9,6	17,8	109,5	108,2
2000	7,7	1,8	9,5	18,9	110,6	107,7
2001	7,6	1,8	9,3	19,0	113,3	108,8
2002	8,3	1,8	10,2	18,1	120,6	114,8
2003	8,5	1,9	10,4	18,3	121,9	115,4
2004	8,0	1,9	9,9	18,8	122,8	114,9
2005	7,7	1,8	9,4	18,6	123,8	114,6
2006	7,5	1,6	9,1	18,0	126,6	113,9
2007 brt.	7,6	1,6	9,2	17,5	131,2	115,4

<sup>1</sup> Heilbrigðisútgjöld staðvart með verðvísetölu samneyslunnar.

117,3 milljörðum króna var ráðstafað til heilbrigðismála á árinu 2007, eða um 9,2% af landsframleiðslu

Í töflu 10 hefur útgjöldum heimila til heilbrigðismála verið bætt við útgjöld hins opinbera og sýnir taflan heildarútgjöld til heilbrigðismála á árunum 1998–2007 mæld sem hlutfall af landsframleiðslu. Einnig eru sýnd heilbrigðisútgjöld á mann á föstu verði. Þar sést að á árinu 2007 nam heilbrigðiskostnaður um 9,2% af landsframleiðslu, en það samsvarar 117,3 milljörðum króna. Hæst mældust heilbrigðisútgjöldin sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2003 er þau námu 10,4%. Um 17,5% útgjaldanna 2007 voru fjármögnum af heimilunum, en það hlutfall hefur lækkað nokkuð á síðustu árum. Heilbrigðisútgjöld á föstu verði hafa vaxið um nærrí 31,2% síðustu níu árin og um 15,4% á mann.

## Fræðslumál

Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 2007 námu 97,8 milljörðum króna á árinu 2007, eða um 7,7% af landsframleiðslu (sjá töflu 11). Í krónum talið hækkuðu útgjöldin um 9,6 milljarða króna milli ára. Um helmingur útgjaldanna rann til grunnskólastigsins, eða 48,7 milljarðar króna, og nam hækkunin milli ára 4,8 milljörðum króna. Til háskólastigsins runnu af hálfu hins opinbera um 18 milljarðar króna, eða 1,41% af landsframleiðslu, og jukust útgjöldin um 2,2 milljarða króna milli ára. Framhaldsskólastigið tók til sín nokkru lægri fjárhæð, eða 17,1 milljarð króna, og hækkuðu útgjöldin um 1 milljarð króna milli ára. Svipuð hækjun varð á

Hrein útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu 97,8 milljörðum króna á árinu 2007, eða um 7,7% af landsframleiðslu (sjá töflu 11). Í krónum talið hækkuðu útgjöldin um 9,6 milljarða króna milli ára. Um helmingur útgjaldanna rann til grunnskólastigsins, eða 48,7 milljarðar króna, og nam hækkunin milli ára 4,8 milljörðum króna. Til háskólastigsins runnu af hálfu hins opinbera um 18 milljarðar króna, eða 1,41% af landsframleiðslu, og jukust útgjöldin um 2,2 milljarða króna milli ára. Framhaldsskólastigið tók til sín nokkru lægri fjárhæð, eða 17,1 milljarð króna, og hækkuðu útgjöldin um 1 milljarð króna milli ára. Svipuð hækjun varð á

útgjöldum hins opinbera til leikskólastigsins, en þau námu 8,3 milljörðum króna á árinu 2007. Afgangurinn, 5,7% af útgjöldum hins opinbera til fræðslumála, rann til annarra fræðslumála, svo sem stoðþjónustu og í stjórmunarkostnað.

**Tafla 11. Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 1998–2007**

Hlutfall af VLF	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007 <sup>1</sup>
1. Leikskólastig	0,44	0,47	0,52	0,50	0,50	0,47	0,51	0,62	0,65
2. Grunnskólastig	3,35	3,45	3,43	3,97	3,79	3,74	3,82	3,76	3,80
3. Framhaldsskólastig	1,29	1,18	1,40	1,41	1,45	1,45	1,38	1,38	1,34
4. Háskólastig	1,19	1,21	1,24	1,38	1,40	1,39	1,45	1,36	1,41
5. Önnur skólastig og stoðþj.	0,15	0,19	0,20	0,21	0,20	0,19	0,19	0,19	0,22
6. Önnur fræðslumál	0,19	0,17	0,18	0,18	0,20	0,24	0,24	0,24	0,23
Opinber fræðsluútgjöld alls <sup>1</sup>	6,61	6,67	6,97	7,63	7,55	7,48	7,59	7,56	7,65

<sup>1</sup> Kaup heimila á fræðsluþjónustu hins opinbera hafa verið dregin frá.

Í töflu 25 í töfluviðauka kemur fram að útgjöld til fræðslumála voru rúmlega 314 þúsund krónur á mann árið 2007. Þar af var kostnaður vegna grunnskóla riflega 156 þúsund krónur á mann, vegna framhaldsskóla 55 þúsund krónur og vegna háskólastigs rúmlega 58 þúsund krónur. Langstærsti hluti útgjalda hins opinbera til fræðslumála er samneysluútgjöld, en fjárfestingarútgjöld vega einnig þungt. Tílfærslur, sem eru að mestu til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, mældust um 6–7% útgjaldanna.

**Tafla 12. Heildarútgjöld til fræðslumála 1998–2007**

	Hlutfall fræðsluútgjalda af landsframleiðslu			Hlutfall heimila af heild	Fræðsluútgjöld á föstu verði <sup>1</sup>	Fræðsluútgjöld á föstu verði á mann <sup>1</sup>
	Hið opinbera	Heimili	Samtals			
1998	6,45	0,59	7,04	8,4	100,0	100,0
1999	6,61	0,60	7,21	8,3	103,5	102,2
2000	6,67	0,60	7,28	8,3	106,2	103,5
2001	6,97	0,62	7,59	8,2	115,5	111,0
2002	7,63	0,70	8,34	8,4	123,6	117,7
2003	7,55	0,79	8,33	9,4	121,9	115,4
2004	7,48	0,74	8,23	9,0	127,9	119,7
2005	7,59	0,73	8,32	8,8	136,3	126,2
2006	7,56	0,71	8,27	8,6	141,9	127,6
2007 brt.	7,65	0,68	8,33	8,2	147,2	129,4

<sup>1</sup> Fræðsluútgjöld staðvart með verðvísetölum samneyslunnar.

*Til fræðslumála í landinu er ráðstafað 8,3% af landsframleiðslu, eða riflega 106,5 milljörðum króna*

Í töflu 12 hefur útgjöldum heimila til fræðslumála verið bætt við útgjöld hins opinbera. Að þeim meðtöldum eru heildarútgjöld til fræðslumála 8,3% af landsframleiðslu árið 2007, en það samsvarar um 106,5 milljörðum króna. Þetta hlutfall hefur haldist nokkuð stöðugt undanfarin ár. Um 8,2% útgjaldanna eru fjármögnum af heimilunum og hefur sú hlutdeild farið lækkandi undanfarin ár. Þá má sjá í töflunni að á föstu verði hafa fræðsluútgjöldin vaxið jafnt og þétt frá 1998 og er vöxturinn 47% á síðustu níu árum eða riflega 29% á mann.

## Almannatryggingar og velferðarmál

*Hið opinbera ráðstafaði 97 milljörðum króna til almannatrygginga og velferðarmála 2006, eða 8,3% af landsframleiðslu*

Undir þennan málaflokk, almannatryggingar og velferðarmál, falla annars vegar ýmiss konar félagslegar tilfærslur til einstaklinga, t.d. vegnaelli, örorku, veikinda, tekjumissis, fæðinga og atvinnuleysis, og hins vegar ýmiss konar velferðarþjónusta, einkum við börn, aldraða og fatlaða. Umsjón með tekjutilfærslum er að mestu í höndum almannatrygginga. Velferðarþjónusta við börn og aldraða er hins vegar að mestu á vegum sveitarfélaga og velferðarþjónusta við fatlaða á vegum ríkisins.

**Tafla 13. Opinber útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála 1998–2006**

Slutfall af VLF	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
1. Sjúkdómar	0,10	0,10	0,09	0,08	0,09	0,09	0,08	0,08	0,06
2. Örorka og fötlun	1,59	1,64	1,86	1,76	1,83	2,16	2,23	2,17	2,13
3. Öldrun	2,53	2,48	2,41	2,32	2,38	2,59	2,57	2,66	2,21
4. Eftirlifendur	0,04	0,03	0,03	0,03	0,03	0,03	0,03	0,03	0,02
5. Fjölskyldur og börn	1,79	1,76	1,76	2,12	2,44	2,70	2,62	2,46	2,50
6. Atvinnuleysi	0,43	0,33	0,25	0,26	0,42	0,55	0,52	0,36	0,25
7. Húsnæðisaðstoð	0,76	0,73	0,74	0,72	0,85	0,93	0,83	0,75	0,64
8. Félagsleg aðstoð ót.a.s.	0,21	0,21	0,21	0,23	0,21	0,24	0,23	0,19	0,17
9. Alm.tr. og velf.mál ót.a.s.	0,26	0,32	0,34	0,35	0,42	0,44	0,35	0,37	0,32
Alm.trygg. og velf.mál alls	7,72	7,62	7,69	7,87	8,67	9,73	9,46	9,06	8,30

*Útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála námu sem svarar 318,6 þúsund krónum á mann 2006*

Á árinu 2006 runnu 97 milljarðar króna til þessa málaflokks, eða 8,3% af landsframleiðslu, og nam hækjunin milli ára 4 milljörðum króna. Í hlutfalli við landsframleiðslu varð hins vegar lækkun um 0,7 prósentustig. Í töflu 26 eru fleiri upplýsingar um útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála, en þar sem ekki liggur fyrir ýtarleg sundurgreining á útgjöldum almannatrygginga á þessum árstíma er ekki unnt að flokka útgjöld ársins 2007 með ofangreindum hætti. Umfjöllun um árið 2006 og eldri ár má finna í 57. tölvublaði 92. árgangs Hagtíðinda frá 27. september 2007.

## Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera


*Peningaleg eign hins opinbera nam 579 milljörðum króna í árslok 2006 og skuldurnar 672 milljörðum króna*

Í töflu 23 er að finna ýtarlegar upplýsingar um peningalegar eignir og skuldir hins opinbera á árunum 1998 til 2006. Fram kemur m.a. að peningalegar eignir numu um 579 milljörðum króna í árslok 2006, eða sem nemur 49,6% af landsframleiðslu. Heildarskuldir námu riflega 672 milljörðum króna, eða sem svarar 57,5% af landsframleiðslu. Hrein skuldaða hins opinbera er því 92,6 milljarðar króna eða 7,9% af landsframleiðslu. Um frekari umfjöllun er vísað til fyrrnefnds heftis Hagtíðinda.

**Tafla 14. Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera 1998–2006**

Slutfall af VLF	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Peningalegar eignir	34,7	37,8	35,4	45,7	43,5	40,3	36,8	39,0	49,6
Skuldir	77,3	73,6	72,9	75,0	72,0	71,0	64,5	52,6	57,5
Verðbréf	16,3	13,1	10,2	10,6	10,6	11,9	11,5	10,4	9,7
Lántökur	28,2	26,9	28,3	33,3	30,2	27,7	22,7	14,9	20,3
Innlendar lántökur	6,2	5,9	5,5	4,7	4,6	4,8	4,8	4,5	3,6
Erlendar lántökur	22,0	21,0	22,8	28,6	25,7	22,9	17,9	10,4	16,8
Lífeyrisskuldbindingar	25,6	26,3	28,5	25,6	26,8	27,0	25,7	23,8	23,4
Viðskiptaskuldir	7,1	7,3	5,9	5,4	4,4	4,4	4,6	3,5	4,1
Hrein peningaleg eign	-42,6	-35,9	-37,5	-29,2	-28,5	-30,7	-27,7	-13,6	-7,9

**Mynd 6. Skuldir ríkissjóðs og sveitarfélaga sem hlutfall af VLF**  
*Figure 6. The liabilities of central and local governments as per cent of GDP*



### Hið opinbera og opinber fyrirtæki (e. public sector)

Eins og fram kom hér að framan nær hin hefðbundna skilgreining hins opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum einungis til þeirrar starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með sölu á vöru og þjónustu á almennum markaði. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vöru og þjónustu, er ekki talin til hins opinbera geira, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins.

**Tafla 15. Fjármál hins opinbera og fyrirtækja þess 2000–2006<sup>1</sup>**


HLUTFALL AF VLF	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Rekstrartekjur	61,4	62,4	58,1	60,3	61,8	62,4	64,7
Rekstrargjöld	56,5	59,5	57,4	60,4	58,1	54,5	54,9
Rekstrarjöfnuður	4,9	2,9	0,7	-0,1	3,7	7,9	9,8
Fjárfesting	5,3	5,5	4,1	5,2	5,8	6,6	9,0
Tekjujöfnuður	-0,4	-2,5	-3,4	-5,2	-2,1	1,2	0,8

*Tekjuafkoma opinberra aðila var jákvæð um 0,8% af landsframleiðslu 2006, en neikvæð um 5,5 % hjá opinberum fyrirtækjum*

Frá hagstjórnarlegu sjónarmiði er þó áhugavert að skoða efnahagsleg áhrif hins opinbera geira í víðri merkingu, þ.e. hins opinbera og fyrirtækja þess. Í töflu 15 og töflu 27 koma fram upplýsingar um helstu hagstærðir þessa geira árin 2000 til 2006. Fram kemur m.a. að heildartekjur hans hafi numið 64,7% af landsframleiðslu 2006 og heildarútgjöld 63,9%. Tekjuafkoma<sup>2</sup> hans var jákvæð um 0,8% af landsframleiðslu 2006 á sama tíma og tekjuafkoma hins opinbera í þrengri merkingu var 6,3%. Mynd 7 sýnir hvernig tekjuafkoma þessara aðila hefur þróast á árunum 2000 til 2006.

<sup>1</sup> Heimildir við uppgjör opinberra fyrirtækja eru : (1) Ríkisreikningur, (2) Árbók sveitarfélaga og (3) ársreikningar fyrirtækja.

<sup>2</sup> Tekjujöfnuður sýnir mismun tekna og rekstrar- og fastafjárvítgjalda. Þessi jöfnuður veitir vísbindingu um hvort hið opinbera leggur öðrum aðilum hagkerfisins til fjármagn (nettó) eða tekur til sín fjármagn; m.o.o. hvort hið opinbera hafi þensluhvetjandi áhrif eða ekki.

**Mynd 7. Tekjuafkoma opinberra aðila sem hlutfall af VLF***Figure 7. Public sector's financial balance as per cent of GDP*

### Frekari upplýsingar

Í heftinu hefur megináhersla hefur verið lögð á fjármál hins opinbera, bæði í texta og töflum. Samsvarandi upplýsingar um ríkissjóð, sveitarfélög og almannatryggingar eru á vefsíðu Hagstofunnar, undir fjármálum hins opinbera, <http://www.hagstofa.is/Hagtetur/Thjodhagsreikningar/Fjarmal-hins-opinbera>.

## English summary

The general government financial balance was positive by 5.2% of GDP in 2007 or 10.8% of its total revenue. In 2006, the surplus was 6.3% of GDP and in 2005 4.9%. This good result is mostly due to high surpluses in central government finances in 2005, 2006 and 2007, which amounted to 4.4%, 5.3% and 4.2% of GDP, respectively. But the local government finances have also turned to better terms in these three years and showed a positive financial balance of 0.3% of GDP in 2006 and 0.5% of GDP in 2007.

The general government revenue amounted to 48.3% of GDP in 2007, compared with 48.0% in 2006 and reached its highest value as percentage of GDP. The total revenue has increased considerably since 2002, when it was measured as 41.7% of GDP. The general government total expenditure amounted to 43.1% of GDP in 2007 compared with 41.7% in 2006. The total expenditure had its highest value as percentage of GDP in 2003 reaching 45.6%.

In 2007, the total expenditure on health was 9.2% of GDP, of which 82.5% was financed by the general government and the rest by households. About one fifth of general government total expenditure goes to health affairs and similar amount goes to education as well as social protection. The total expenditure on education was 8.3% of GDP in 2007, of which 91.8% was financed by the general government.

The general government net financial asset, i.e. the financial assets less liabilities, was negative by 92.6 billion ISK in 2006 or by 7.9% of GDP. The general government total financial asset amounted to 579 billion ISK in the end of 2006 and the total liabilities 671 billion ISK.

The public sector financial balance was positive by 0.8% of GDP in 2006 at the same time as the financial balance of the public corporations was negative by 5.5% of GDP, which could be explained by large investment in 2006 or by 7% of GDP. In 2003, the public sector financial balance reached its lowest level from 2000 and was negative by 5.2% of GDP.

All data referred to in this issue of the Statistical Series has been published on the website of Statistics Iceland in English and an English version of the tables is available in the Table Annex starting on page 28.

**Tafla 15. Rekstrarreikningur hins opinbera árin 1999–2007**

Verðlag hvers árs, í milljónum króna	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007 <sup>1</sup>
<b>1 Heildartekjur</b>	<b>273.162</b>	<b>297.838</b>	<b>323.504</b>	<b>340.492</b>	<b>360.028</b>	<b>409.478</b>	<b>483.564</b>	<b>560.453</b>	<b>617.537</b>
11 Skatttekjur	<b>215.006</b>	<b>234.125</b>	<b>250.704</b>	<b>264.270</b>	<b>282.405</b>	<b>323.275</b>	<b>383.694</b>	<b>445.445</b>	<b>487.730</b>
111 Skattar á tekjur og hagnað	89.822	101.488	118.316	124.759	134.551	149.749	180.170	213.633	242.828
112 Skattar á laungreiðslur og vinnuafl	155	184	212	226	490	516	324	390	1.380
113 Eignarskattar	16.397	19.218	20.791	20.333	18.894	22.723	26.405	24.660	29.130
114 Skattar á vöru og þjónustu	105.082	109.543	107.226	115.074	124.425	145.728	171.659	200.561	206.939
115 Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	2.528	2.702	3.022	2.475	2.681	3.086	3.539	4.621	5.865
116 Aðrir skattar	1.022	991	1.137	1.403	1.366	1.474	1.597	1.579	1.588
12 Tryggingagjöld	<b>17.787</b>	<b>19.680</b>	<b>21.909</b>	<b>23.397</b>	<b>26.053</b>	<b>28.364</b>	<b>32.777</b>	<b>38.414</b>	<b>40.493</b>
13 Fjárfamlög	<b>521</b>	<b>655</b>	<b>891</b>	<b>706</b>	<b>1.033</b>	<b>1.286</b>	<b>1.157</b>	<b>1.386</b>	<b>1.463</b>
131 Frá erlendum opinberum aðilum	22	26	32	38	40	38	40	26	33
132 Frá alþjóðastofnunum	499	630	859	668	993	1.248	1.117	1.360	1.430
133 Frá opinberum aðilum	—	—	—	—	—	—	—	—	—
14 Aðrar tekjur	<b>39.848</b>	<b>43.378</b>	<b>50.000</b>	<b>52.119</b>	<b>50.537</b>	<b>56.553</b>	<b>65.936</b>	<b>75.208</b>	<b>87.851</b>
141 Eignatekjur	15.843	18.102	21.704	21.608	17.861	19.690	26.171	33.412	42.979
142 Sala á vöru og þjónustu	21.654	22.983	25.562	27.263	29.139	32.380	35.921	37.605	40.059
143 Sektir og skaðabætur	668	580	1.006	985	1.071	2.762	938	1.663	2.093
144 Frjáls fjárfamlög	1.176	1.241	1.310	1.560	1.222	887	1.682	1.480	1.646
145 Ýmsar tekjur og óskilgr. tekjur	508	471	417	702	1.243	835	1.225	1.048	1.074
<b>Heildargjöld (2+31)</b>	<b>265.916</b>	<b>286.260</b>	<b>328.801</b>	<b>361.313</b>	<b>383.782</b>	<b>409.198</b>	<b>433.346</b>	<b>486.616</b>	<b>550.924</b>
<b>2 Rekstrarútgjöld</b>	<b>249.028</b>	<b>271.866</b>	<b>308.898</b>	<b>344.476</b>	<b>369.341</b>	<b>390.413</b>	<b>420.206</b>	<b>461.874</b>	<b>519.076</b>
21 Laun	91.584	99.488	113.319	127.842	136.890	145.491	160.385	178.791	198.215
22 Kaup á vöru og þjónustu	62.556	70.161	79.552	91.316	95.335	102.694	109.472	123.363	133.447
23 Afskriftir	12.587	13.487	14.519	15.193	16.044	17.157	18.681	20.822	22.829
24 Vaxtagjöld	21.506	23.033	25.864	24.360	23.074	22.571	22.567	25.201	29.127
25 Framleiðslustyrkir	11.204	12.142	13.978	14.875	15.956	16.991	20.719	20.257	21.056
26 Fjárfamlög	755	909	1.131	1.188	969	1.249	1.261	2.095	2.863
261 Til erlendra stjórvalda	—	—	—	—	—	—	—	—	—
262 Til alþjóðastofnana	755	909	1.131	1.188	969	1.249	1.261	2.095	2.863
263 Til opinberra aðila	—	—	—	—	—	—	—	—	—
27 Félagslegar tilfærslur til heimila	35.426	38.282	42.870	51.175	60.068	63.488	63.645	66.650	75.790
28 Tiltfærsluútgjöld önnur en fjárfamlög	13.410	14.363	17.666	18.526	21.005	20.773	23.475	24.694	35.749
<b>31 Fastafjárútgjöld</b>	<b>16.889</b>	<b>14.393</b>	<b>19.903</b>	<b>16.837</b>	<b>14.441</b>	<b>18.786</b>	<b>13.140</b>	<b>24.742</b>	<b>31.848</b>
311 Fjárfesting í efnislegum eignum	29.476	27.880	34.422	32.030	30.485	35.943	31.821	45.564	54.677
23 Afskriftir	-12.587	-13.487	-14.519	-15.193	-16.044	-17.157	-18.681	-20.822	-22.829
<b>Tekjuafgangur / halli (1-2-31)</b>	<b>7.246</b>	<b>11.578</b>	<b>-5.297</b>	<b>-20.821</b>	<b>-23.755</b>	<b>280</b>	<b>50.218</b>	<b>73.837</b>	<b>66.613</b>
<b>32 Peningalegar eignir, hreyfingar</b>	<b>14.186</b>	<b>11.302</b>	<b>53.115</b>	<b>9.640</b>	<b>-10.936</b>	<b>17.955</b>	<b>6.373</b>	<b>163.574</b>	—
3212 Sjóður og bankareikningar	2.561	1.149	3.154	-905	1.904	7.701	31.014	42.375	—
3213 Verðbréf	-178	-145	-147	-58	-43	-31	-36	-8	—
3214 Veitt lán	2.111	-3.689	13.300	-9.792	-6.305	-26.171	17.046	85.745	—
3215 Hlutafé	-6.135	3.441	11.591	-12.074	-14.614	1.504	-66.522	17.001	—
3218 Viðskiptakröfur	15.828	10.547	25.217	32.468	8.121	34.951	24.871	18.461	—
<b>33 Skuldir, hreyfingar</b>	<b>6.940</b>	<b>-276</b>	<b>58.412</b>	<b>30.461</b>	<b>12.819</b>	<b>17.675</b>	<b>-43.845</b>	<b>89.737</b>	—
3313 Verðbréf	-16.824	-14.874	7.928	3.378	12.975	5.336	-1.542	4.959	—
33x4 Lántökur	5.951	7.597	40.047	19.702	-11.397	-6.075	-50.210	61.739	—
3314 Innleendar lántökur	221	-1.412	2.116	525	3.443	3.384	139	-852	—
3324 Erlendar lántökur	5.730	9.009	37.931	19.177	-14.840	-9.459	-50.349	62.591	—
3316 Lífeyrisskuldbindingar	4.526	4.494	4.892	5.702	5.661	5.380	5.507	5.545	—
3318 Viðskiptaskuldir	13.287	2.507	5.545	1.678	5.580	13.033	2.400	17.495	—

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur.

**Tafla 16. Rekstrarreikningur ríkissjóðs árin 1999–2007**

Verðlag hvers árs, í milljónum króna	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007 <sup>1</sup>
<b>1 Heildartekjur</b>	<b>208.547</b>	<b>225.621</b>	<b>241.116</b>	<b>252.775</b>	<b>268.032</b>	<b>306.851</b>	<b>363.568</b>	<b>412.839</b>	<b>458.487</b>
11 Skatttekjur	<b>162.551</b>	<b>174.681</b>	<b>182.631</b>	<b>192.973</b>	<b>207.585</b>	<b>240.338</b>	<b>288.301</b>	<b>327.982</b>	<b>360.969</b>
111 Skattar á tekjur og hagnað	48.369	55.509	64.154	66.518	73.428	83.548	105.705	128.105	148.747
112 Skattar á laungreiðslur og vinnuafl	155	184	212	226	490	516	324	390	1.380
113 Eignarskattar	7.851	9.111	9.924	10.232	7.931	10.660	12.474	7.803	10.020
114 Skattar á vöru og þjónustu	102.732	106.203	104.297	112.300	121.779	141.158	164.756	185.554	193.447
115 Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	2.528	2.702	3.022	2.475	2.681	3.086	3.539	4.621	5.865
116 Aðrir skattar	916	973	1.023	1.221	1.276	1.369	1.504	1.508	1.510
12 Tryggingagjöld	<b>17.787</b>	<b>19.680</b>	<b>21.909</b>	<b>23.397</b>	<b>26.053</b>	<b>28.364</b>	<b>32.777</b>	<b>38.414</b>	<b>40.493</b>
13 Fjárfamlög	<b>814</b>	<b>1.153</b>	<b>1.369</b>	<b>1.266</b>	<b>1.515</b>	<b>1.748</b>	<b>1.665</b>	<b>2.086</b>	<b>2.243</b>
131 Frá erlendum opinberum aðilum	22	26	32	38	40	38	40	26	33
132 Frá alþjóðastofnunum	499	630	859	668	993	1.248	1.117	1.360	1.430
133 Frá opinberum aðilum	293	498	478	560	482	462	508	700	780
14 Aðrar tekjur	<b>27.395</b>	<b>30.108</b>	<b>35.207</b>	<b>35.139</b>	<b>32.879</b>	<b>36.401</b>	<b>40.826</b>	<b>44.357</b>	<b>54.781</b>
141 Eignatekjur	12.340	14.136	16.597	14.982	11.857	12.401	16.308	18.118	26.604
142 Sala á vöru og þjónustu	12.703	13.680	15.876	17.243	17.969	19.949	21.546	22.809	24.153
143 Sektir og skaðabætur	668	580	1.006	985	1.071	2.762	938	1.663	2.093
144 Frjáls fjárfamlög	1.176	1.241	1.310	1.560	1.222	887	1.682	1.480	1.646
145 Ýmsar tekjur og óskilgr. tekjur	508	471	417	368	761	402	352	287	285
<b>Heildargjöld (2+31)</b>	<b>199.570</b>	<b>213.546</b>	<b>244.715</b>	<b>263.109</b>	<b>283.278</b>	<b>297.591</b>	<b>317.986</b>	<b>350.866</b>	<b>405.239</b>
<b>2 Rekstrarútgjöld</b>	<b>193.313</b>	<b>208.977</b>	<b>239.687</b>	<b>259.578</b>	<b>277.357</b>	<b>293.649</b>	<b>318.385</b>	<b>350.458</b>	<b>394.615</b>
21 Laun	53.656	56.654	64.835	73.654	79.258	82.702	89.315	98.253	108.570
22 Kaup á vöru og þjónustu	32.252	36.897	43.140	47.409	48.746	53.356	57.723	63.766	68.591
23 Afskriftir	9.152	9.779	10.385	11.143	11.741	12.553	13.615	15.142	16.656
24 Vaxtagjöld	18.098	18.823	21.703	19.965	18.104	18.501	18.344	20.242	23.673
25 Framleiðslustyrkir	9.847	10.298	12.103	13.013	13.888	14.737	18.109	17.211	17.747
26 Fjárfamlög	50.538	55.757	62.618	68.965	77.641	84.807	92.544	105.614	117.377
262 Til alþjóðastofnana	755	909	1.131	1.188	969	1.249	1.261	2.095	2.863
263 Til almannatrygginga	43.426	48.240	52.683	59.185	66.664	73.310	80.299	89.483	98.666
263 Til sveitarfélaga	6.358	6.609	8.805	8.592	10.008	10.249	10.984	14.036	15.848
27 Félagslegar tilfærslur til heimila	7.988	8.111	9.366	9.982	11.231	11.053	10.974	12.167	13.942
28 Tilfærsluútgjöld önnur en fjárfamlög	11.782	12.658	15.536	15.446	16.747	15.940	17.761	18.062	28.059
<b>31 Fastafjártútgjöld</b>	<b>6.257</b>	<b>4.569</b>	<b>5.028</b>	<b>3.532</b>	<b>5.921</b>	<b>3.942</b>	<b>-399</b>	<b>408</b>	<b>10.624</b>
311 Fjárfesting í efnislegum eignum	16.166	14.930	16.097	15.960	18.639	17.876	14.583	17.726	29.670
311 Sala efnislegra eigna (-)	-757	-582	-684	-1.286	-977	-1.381	-1.367	-2.175	-2.390
23 Afskriftir	-9.152	-9.779	-10.385	-11.143	-11.741	-12.553	-13.615	-15.142	-16.656
<b>Tekjuafgangur / halli (1-2-31)</b>	<b>8.976</b>	<b>12.075</b>	<b>-3.599</b>	<b>-10.334</b>	<b>-15.246</b>	<b>9.260</b>	<b>45.582</b>	<b>61.973</b>	<b>53.247</b>
<b>32 Peningalegar eignir, hreyfingar</b>	<b>6.310</b>	<b>6.894</b>	<b>47.554</b>	<b>6.337</b>	<b>-12.115</b>	<b>13.101</b>	<b>-1.333</b>	<b>149.877</b>	<b>-</b>
3212 Sjóður og bankareikningar	2.482	1.294	1.388	-1.178	505	7.317	26.990	39.498	-
3214 Veitt lán	2.477	-3.293	12.614	-11.309	-5.729	-26.156	18.275	90.318	-
3215 Hlutafé	-6.266	3.166	10.822	-11.031	-15.346	713	-68.717	14.492	-
3218 Viðskiptakröfur	7.617	5.727	22.730	29.855	8.455	31.227	22.119	5.569	-
<b>33 Skuldir, hreyfingar</b>	<b>-2.666</b>	<b>-5.181</b>	<b>51.153</b>	<b>16.671</b>	<b>3.131</b>	<b>3.841</b>	<b>-46.915</b>	<b>87.904</b>	<b>-</b>
3313 Verðbréf	-16.824	-14.874	7.928	3.378	12.975	5.336	-1.542	4.959	-
33x4 Lántökur	186	6.693	33.714	10.088	-15.871	-8.944	-48.108	66.345	-
3314 Innlendar lántökur	-2.538	-1.524	-220	-419	122	-131	-417	-184	-
3324 Erlendar lántökur	2.724	8.217	33.934	10.507	-15.993	-8.813	-47.691	66.529	-
3316 Lífeyrisskuldbindingar	3.394	3.363	3.595	3.926	3.984	3.736	3.842	3.863	-
3318 Viðskiptaskuldir	10.578	-362	5.916	-721	2.043	3.713	-1.107	12.737	-

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur.

**Tafla 17. Rekstrarreikningur sveitarfélaga árin 1999–2007**

Verðlag hvers árs, í milljónum króna	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007 <sup>1</sup>
<b>1 Heildartekjur</b>	<b>71.049</b>	<b>78.828</b>	<b>90.951</b>	<b>96.134</b>	<b>101.929</b>	<b>112.754</b>	<b>130.681</b>	<b>161.176</b>	<b>174.275</b>
11 Skatttekjur	<b>52.455</b>	<b>59.445</b>	<b>68.073</b>	<b>71.296</b>	<b>74.821</b>	<b>82.937</b>	<b>95.393</b>	<b>117.463</b>	<b>126.761</b>
111 Skattar á tekjur og hagnað	41.453	45.979	54.162	58.240	61.123	66.200	74.465	85.528	94.081
112 Skattar á laungreiðslur og vinnuafl	—	—	—	—	—	—	—	—	—
113 Eignarskattar	8.546	10.107	10.868	10.101	10.963	12.063	13.931	16.857	19.110
114 Skattar á vöru og þjónustu	2.350	3.340	2.929	2.774	2.645	4.570	6.904	15.007	13.492
115 Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	—	—	—	—	—	—	—	—	—
116 Aðrir skattar	106	18	114	181	89	104	93	71	78
12 Tryggingagjöld	—	—	—	—	—	—	—	—	—
13 Fjárfamlög	<b>6.389</b>	<b>6.630</b>	<b>8.820</b>	<b>8.608</b>	<b>10.084</b>	<b>10.376</b>	<b>11.116</b>	<b>14.140</b>	<b>15.848</b>
131 Frá erlendum opinberum aðilum	—	—	—	—	—	—	—	—	—
132 Frá alþjóðastofnunum	—	—	—	—	—	—	—	—	—
133 Frá opinberum aðilum	6.389	6.630	8.820	8.608	10.084	10.376	11.116	14.140	15.848
14 Aðrar tekjur	<b>12.205</b>	<b>12.753</b>	<b>14.058</b>	<b>16.229</b>	<b>17.024</b>	<b>19.441</b>	<b>24.172</b>	<b>29.572</b>	<b>31.666</b>
141 Eignatekjur	3.326	3.519	4.455	6.012	5.610	6.854	9.239	14.303	15.288
142 Sala á vöru og þjónustu	8.879	9.234	9.603	9.884	10.931	12.154	14.059	14.508	15.589
143 Sektir og skaðabætur	—	—	—	—	—	—	—	—	—
144 Frjáls fjárfamlög	—	—	—	—	—	—	—	—	—
145 Ýmsar tekjur og óskilgr. tekjur	—	—	—	334	482	433	873	761	789
<b>Heildargjöld (2+31)</b>	<b>74.760</b>	<b>81.716</b>	<b>95.784</b>	<b>106.802</b>	<b>108.318</b>	<b>119.887</b>	<b>129.653</b>	<b>157.407</b>	<b>168.344</b>
<b>2 Rekstrarútgjöld</b>	<b>64.153</b>	<b>71.923</b>	<b>80.943</b>	<b>93.620</b>	<b>99.879</b>	<b>105.156</b>	<b>116.262</b>	<b>133.118</b>	<b>147.165</b>
21 Laun	32.877	37.112	42.705	46.530	49.652	52.645	60.039	68.103	76.298
22 Kaup á vöru og þjónustu	18.961	20.730	22.942	28.872	30.223	31.268	33.381	39.420	42.619
23 Afskriftir	3.435	3.708	4.134	4.050	4.303	4.604	5.066	5.680	6.173
24 Vaxtagjöld	3.358	4.028	4.153	4.391	4.205	4.065	4.215	4.951	5.446
25 Framleiðslustyrkir	1.357	1.845	1.695	1.697	1.943	2.153	2.465	2.882	3.141
26 Fjárfamlög	293	498	478	560	482	462	508	700	675
261 Til erlendra stjórvalda	—	—	—	—	—	—	—	—	—
262 Til alþjóðastofnana	—	—	—	—	—	—	—	—	—
263 Til opinberra aðila	293	498	478	560	482	462	508	700	675
27 Félagslegar tilfærslur til heimila	2.262	2.349	2.779	4.509	5.041	5.358	5.125	5.038	5.643
28 Tiltfærsluútgjöld önnur en fjárfamlög	1.609	1.653	2.056	3.013	4.029	4.601	5.463	6.345	7.170
<b>31 Fastafjárútgjöld</b>	<b>10.607</b>	<b>9.793</b>	<b>14.841</b>	<b>13.182</b>	<b>8.439</b>	<b>14.731</b>	<b>13.392</b>	<b>24.289</b>	<b>21.179</b>
311 Fjárfesting í efnislegum eignum	14.042	13.501	18.975	17.232	12.742	19.335	18.458	29.969	27.352
23 Afskriftir	-3.435	-3.708	-4.134	-4.050	-4.303	-4.604	-5.066	-5.680	-6.173
<b>Tekjuafgangur / halli (1-2-31)</b>	<b>-3.711</b>	<b>-2.888</b>	<b>-4.833</b>	<b>-10.668</b>	<b>-6.389</b>	<b>-7.133</b>	<b>1.028</b>	<b>3.769</b>	<b>5.931</b>
<b>32 Peningalegar eignir, hreyfingar</b>	<b>5.725</b>	<b>495</b>	<b>2.233</b>	<b>1.172</b>	<b>2.888</b>	<b>5.081</b>	<b>4.223</b>	<b>7.953</b>	—
3212 Sjóður og bankareikningar	309	-156	1.286	-265	1.242	611	3.014	2.496	—
